


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 5. apríl 2018 | 14. tbl. 16. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

SÆVANGUR 10



203m² 79 millj.kr.

Sérlega fallegt einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr (38 m² stúdíó íbúð). Heitur pottur, verðlaunagarður. Sjávarútsýni.

KLAPPARHOLT 3



Stórglæsilegt útsýni
209m² 79,9 millj.kr.

Sérlega fallegt pallabyggt einbýli með innbyggðum bílskúr. Frábært útsýni yfir fjörðinn og borgina. Mjög fallegur garður, frágenginn. Stórglæsilegt útsýni.

SKÚLASKEIÐ 22



Mikið endurnýjað
80m² 34,9 millj.kr.

Falleg 2-3 herb. íbúð á 2. hæð (efstu) í tvíbýli. Að auki er aukaherbergi í kjallara. Íbúðin er nánast öll uppgerð frá 2008. Frábært útsýni yfir bæinn. Hús klætt að utan. Góð eign.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Litla Gæludýrabúðin

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Fullkomið Hundabað

Góð þorskveiði á Norðurbakkanum

Tugir veiðimanna á bryggjunni og á grjótgardinum

Að jafnaði eru fáir við veiðar á Norðurbakkanum og aflabroð ekki mikil. Að undanförmu hefur öldin verið önnur og mokveiði verið fólk hefur verið að fá væna þorska. Hafa menn verið víða enda margt um manninn, viðhaldsleysi.



Gamli hafnargarðurinn góður veiðistaður en biða þurftu eftir að sjaraði út ef ekki átti að blotna.

sími
842
2217

HELGAPELL
FASTEIGNASALA

A-stöðin TAXI

Hafnirfska leigubílastöðin

520 1212

Skodaðu tertúirvalið á kakulist.is

Jón Arlúss
KAKULIST

Kakulist versunarmiðstöðinni Físi Hafnarfirði
Kakulist Hólabogu 17 Reykjavík
Kakulist Hólabogu 3 Garðabæ
Kakulist@kakulist.is - 555 66 55

Viltu æfa þríþraut?

Verð: 12.000 kr
Innifalið: Aðgangur að sundlaug á æfingum, þjálfari á öllum æfingum, þátttökugjald og æfingaáætlun fyrir sprettþraut 27. maí.
Farið yfir grundvallaratriði í þríþraut

Upplýsingar og skráning hjá Stefanie Gregersen steffiotto@hotmail.com

7 vikna byrjendanámskeið 3SH

Hefst þriðjudaginn 10. apríl

Fólk af öllum getustigum velkomið!
Alhliða hreyfing: Sund - Hjól - Hlaup
Þrjár æfingar í viku (mið/fös/sun)

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Frikirkjan
í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 8. apríl:

Sunnudagaskóli kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



VÍÐIS AÐAKIRKJA

Sunnudagur 8. apríl

**Tónlistar-
guðspjónusta kl. 11**

Kvennakórinn Rósir
syngur undir stjórn Sesselju Kristjánsdóttur.
Prestur: Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson.

Sunnudagaskólinn kl. 11
Fjölbreytt og fræðandi dagskrá.
*Hressing í safnaðarsalnum
eftir guðspjónustur.*

Sunnudaginn 15. apríl

Aðalsafnaðarfundur kl. 12
Dagskrá: Venjulega aðalfundarstörf.

www.vidistadakirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 8. apríl

**Fermingarmessa og
sunnudagaskóli kl. 11**

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Þingmaður gróf án grafrarleyfis

Byggingarleyfi á ábygð umsækjanda

Þegar alþingismaðurinn Jón Gunnarsson settist upp í gröfu á lóð undir húsnæði Hafnansóknarstofnunar að Fornubúðum 5 og hóf að grafa af miklum móð var hvorki búið að gefa út byggingarleyfi né grafrarleyfi. Eftir að fyrsta skóflustungan var tekin tóku fagmenn við að grafa fyrir grunnni hins nýja húss en byggingarleyfi var ekki gefið út fyrir en 27. mars.

Sigurjón Ingvarsson hefur gagnrýnt framkvæmdina og kærði deiliskipulagsbreytinguna til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þar sem úrskurður er ekki kominn var byggingarleyfi gefið út samkvæmt 13. gr. mannvirkjalaga nr 160/2010 á ábygð umsækjanda og án ábyrgðar sveitarstjórnar.

Þá hefur vakið athygli að Fornubúðir eignarhaldsfélag ehf., sem á núverandi húsnæði á lóðinni og ætlar að byggja fyrir Hafnansóknarstofnun hefur sótt um til Hafnarstjórnar ósk um 50% afslátt af álögðum gatnagerðargjöldum. Hafnarstjórn mælir ekki með erindinu en vísar því til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Lionsfélagar selja Gaflarann


Gaflarinn í ár er lögregla

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar hefur um árabíl útbúið merki með Gaflaranum í mismunandi útfærslu og selt í fjárorflun fyrir hin fjölmörgu stuðningsverkefna klúbbsins.

Fimmtudaginn 12. apríl hefja þeir sölu á Gaflaranum og stendur hún til sunnudagsins 15. apríl. Verða Lionsfélagar við helstu verslanir og eru bæjarbúar hvattir til að taka vel á móti þeim.



leiðarinn



Þó nýju mislægu gatnamót Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar hafi verið tekin í notkun bíða margir eftir nýrri Ásvallabraut úr Skarðshlíð yfir á Kaldárselsveg. Vegna klúðurs þurfti aftur að auglýsa deiliskipulag vegna hennar og nú rísa íbúar Áslands 3 upp á afturlappimar og vilja veginn lengra í burtu frá hverfinu. Það er gott að íbúar hafi skoðun á skipulagsmálum en það er enn betra ef menn kynna sér þau strax og ekki síður áður en þeir byggja sér hús eða flytja í nýtt hverfi. Þegar Ásland 3 var byggt var í skipulagi gert ráð fyrir bæði Ásvallabraut og Ofanbyggðavegi. Þegar Ásvallabrautin var loks hönnuð var ákveðið að leggja hana að hluti í áætlaða legu Ofanbyggðavegs og þar með lengra frá byggðinni en ella. Ættu menn eðlilega að fagna því. Nú vilja menn að vegurinn taki krók inn fyrir hesthúsin og um brattlendi til þess að vegurinn fari ennþá lengra frá byggðinni. En það fer ekki mikið fyrir mótmælum fólks í innstu byggðum Valla, t.d. við Hnoðravelli sem þegar hafa fengið Ásvallabrautina alveg við bakgarða sína.

Við búum í bæjarsamfélagi þar sem vegir liggja um allt enda mikilvægt að dreifa akstri sem mest. Auðvitað er mikilvægt að taka tillit til íbúa og reyna að tryggja að hávaði af umferð sem sé minnstur. En að vandamálið flytjist einfaldlega frá einum stað til annars er engin lausn og flutningur á Ásvallabraut inn fyrir hesthúsin er skelfileg lausn sem ekki ætti að velja, jafnvel þó kosningar séu í nánd.

Hlustað var á umsagnir íbúa síðast þegar skipulagið var samþykkt og þá var hafnað að fara innri leiðina sem bæði var vegtæknilega verri auk þess að vera mun dýrari. Ýmsar hljóðvarnir má gera fyrir íbúa fyrir þann mismun til að koma til móts við áhyggjur íbúa af truflun af umferð.

Hins vegar undirstrika þessi viðbrögð íbúa að vel þarf að standa að kynningum á skipulagi í nýjum hverfum og ekki síður þeim skilmálum sem þar gilda. Þau kynningargögn sem finna mátti á heimasíðu bæjarins um skipulagsskilmála í Skarðshlíð voru t.d. ekki með þeim hætti að með fljótu bragði mætti átta sig á þeim. Úr þessu þarf að bæta og enn og aftur er sjónum beint að upplýsingamálum bæjarins.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA





Kristin Ingólfssdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.
Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19
og fleiri flott tilboð á barnum.



Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

nokian
TYRES

KEYRÐU Á ÖRYGGI

Kauptu Nokian gæðadekk á frábæru verði

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt allskonar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða og tryggir öryggi farþega bílsins.

FINNDU
DEKKIN ÞÍN
Á **MAX1.IS**

VERÐDÆMI:
NOKIAN LINE
205/55 R16
4 stk m/ásetningu
48.100 KR.*

VERÐDÆMI:
WR D4
205/55 R16
4 stk m/ásetningu
60.100 KR.*

VERÐDÆMI:
NOKIAN LINE SUV
235/55 R17
4 stk m/ásetningu
90.292 KR.*

VERÐDÆMI:
NOKIAN WR SUV3
235/55 R17
4 stk m/ásetningu
98.282 KR.*

*FAST VERÐ

MAX1
BÍLAVAKTIN

Bíldshöfða 5a
Reykjavík
S. 515 7190

Jafnaseli 6
Reykjavík
S. 515 7190

Dalshrauni 5
Hafnarfirði
S. 515 7190

Opnunartími:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga sjá MAX1.IS

MAX1.IS

Félag eldri borgara 50 ára

Um 500 manns fögnuð afmælinu í afmælissamsæti

Félag eldri borgara í Hafnarfirði fagnaði 50 ára afmæli sínu 26. mars sl. með fjölmennri hátíðarsamkomu í íþróttahúsinu að Ásvöllum sem styrkt var af Hafnarfjarðarbæ.



Margrét Gauja Magnúsdóttir, forseti bæjarstjórnar mætti í þjóðbúningi.



Hátíðin var hin glæsilegasta og hér syngur Gaflarakórinn.



Hátíðin var hin veglegasta þar sem Hjónakvartettinn söng, Laddi skemmti, Gaflarakórinn söng og fleira var til skemmtunar. Valgerður Sigurðardóttir formaður félagsins flutti ávarp og setti hátíðina, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara flutti ávarp og Margrét Gauja Magnúsdóttir, starfandi forseti bæjarstjórnar flutti kveðju bæjarstjórnar.

Tæplega 1400 manns eru skráðir í Félag eldri borgara í Hafnarfirði.

Menningarminjar í Hafnarfirði

Árið 2016 opnaði Þjóðminjasafn Íslands varðveislu- og rannsóknarsetur á Völlum. Að því tilefni var mikið talað um að þama væri loksins komin fullkomin aðstaða til varðveislu og rannsókna á þjóð- og fornminjum. Var þessu fagnað af bæjaryfirvöldum.

Hins vegar tel ég að við Hafnfirðingar gætum staðið okkur miklu betur hvað varðar verndun minja í bænum okkar.

Á Hvaleyrri og víðar eru til að mynda minjar frá veru setuliðs breska og bandaríska hersins í seinni heimsstyrjöldinni. Þessar minjar eru vitnisburður um gríðarlega umbrotatíma í sögu Hafnarfjarðar. Í dag eru þessar minjar illa merktar og liggja undir skemmdum.

Í Kaldárseli er gömul fjárrétt sem er hrúnin að hluta. Þar er einnig að finna merkilegar hleðslur sem eru minjar um fyrstu vatnsveitu bæjarins.

Þessar minjar falla ekki undir lög um minjavörslu þar sem þær teljast ekki til fornleifa og einnig heildstæð stefna er til um verndun þeirra hjá bæjarfélaginu.

Þetta þykir mér miður. Allt eru þetta menningarverðmæti sem eru mikilvægur þáttur í ríkri sögu bæjarfélagsins. Það er mín skoðun að innihald slíkrar stefnu ætti að vera að bærinn láti laga



Sverrir Jörstad Sverrisson

þessar minjar svo þær skemmist ekki frekar og merkja þær betur til þess að þær verði aðgengilegri almenningi. Þá er ég ekki bara að tala um að það verði aðgengilegra að skoða þær, heldur einnig að sagan sjálf verði aðgengilegri.

Til gamans má geta að þegar ég var að undirbúa þessa grein þá settist ég fyrir framan tölvuna og reyndi að finna upplýsingar á veraldarvefnum um þessara minjar; eins og t.d. hvað bjuggu margir á Hvaleyrinni? Eftir mikla leit var ég engu nær um það hve margir hermenn bjuggu í túngarði móður minnar sem bjó sín fyrstu ævi ár á Hvaleyrinni, (því gúgul fann ekkert um það). Við verðum að huga betur að þessari arfleið okkar áður en það verður of seint.

Höfundur er aðstoðarleikskólastjóri og í II. sæti á lista Samfylkingarinnar.

www.fjardarfrettir.is

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

hafnfirski fréttavefurinn

Kæru Hafnfirðingar

Nú hefur Vinstrihreyfingin grænt framboð valið fólk á sinn lista fyrir komandi sveitarstjórnkosningar og er

þar um að ræða flottan hóp af reyndu fólki með þekkingu af öllum sviðum atvinnulífsins með fjölbreytta reynslu, á öllum aldri og af ýmsum þjóðernum. Þetta fólk vill ekkert frekar en að fá að vinna fyrir ykkur við stjórn og rekstur Hafnarfjarðarbæjar.

Við í VG höfum mörg mál á okkar stefnuskrá og erum þessa stundina að vinna málefnavinnu fyrir kosningar, þannig að brátt munu líta dagsins ljós þau mál sem við leggjum mesta áherslu á og þau málefni sem við stöndum fyrir.

Við viljum mjög gjarnan fá að heyra í Hafnfirðingum, okkur langar því til að fá að heyra í þér ágæti bæjarbúi. Við viljum fá að heyra hvað þér finnst um það sem betur má fara í okkar ágæta bæjarfélagi. Þess vegna köllum við eftir öllum þeim sem búa yfir reynslusögum

um atriði sem betur mega fara eða vert er að benda á eða málefnum sem á ykkur brenna.



Elva Dögg Ásúddóttir Kristinsdóttir

Við erum öll að vilja gerð að heyra ykkar sjónarmið um hvaðeina sem betur má gera. Við höfum opið hús á hverjum fimmtudegi á milli 16 og 18 á Strandgötu 11, (nú er þar einnig fataverslun Vintage) þar sem fulltrúi okkar VG og ykkar í bæjarstjórn mun vera á staðnum með heitt á könnunni tilbúinn í spjall um hvaðeina sem á ykkur brennur. Ekki vera feimin að koma og spjalla. Einnig má senda ábendingar til okkar í netfangið hafnarfjordur@vg.is

Það skiptir máli að koma sjónarmiðum sínum áleiðis og erum við tilbúin til að hlusta á og gera það sem við getum til að bregðast við ábendingum ykkar og gera góðan bæ betri.

Höfundur er bæjarfulltrúi VG og oddviti VG í Hafnarfirði.

Haukar í undanúrslit eftir 5 spennandi leiki

Karlalið Hauka mætir KR-ingur í kvöld

Fyrir troðfullu húsi léku Haukar og Keflavík í oddaleik í fimmtu viðureign liðanna í 8 liða úrslitum Íslandsmótsins í körfubolta 28. mars sl. Áhorfendur fengu mikið fyrir sinn snúð en eins og venja er fór aðeins helmingurinn ánægður heim.

Liðin skiptust á að skora í gríðarlega hörðum leik þar sem varnir liðanna voru í essinu sínu. Keflavík var yfir í hálfleik 38-33 og bættu enn í með öflugum leik í þriðja leikhlutana. Útlitið var svart hjá Haukum sem neituðu að gefast upp þó enn munaði 6 stigum í lok þriðja leikhlutans. En þá bitu Haukar í skjaldarendur, vel studdir af

stuðningsmönnum sínum og náðu forystunni sem þeir létu ekki af hendi. Spennan hélst þó til lokasekúndna og skoraði Paul Anthony Jones III magnaða körfu á lokasekúndunni af eigin vallahelmingi, svona til að nudda salti í sárin.

Leiknum lauk með sigri Hauka, 72-66 og gríðarlegur fögnuður braust út í leikslok enda langri spennandi baráttu við Keflavík lokið.

Haukar leika sinn fyrsta leik við Íslandsmeistara KR í kvöld í undanúrslitum en ÍR og Tindastóll mætast í hinni leikjaröðinni.



Kári Jónsson skoraði 21 stig fyrir Hauka og var stigahæstur.

Vitinn 30 ára

Úr miðbænum í Lækjarskóla



Félagsmiðstöðin Vitinn fagnaði 30 ára afmæli sínu 21. mars sl. en afmælið var 20. mars. Íþrótta- og tómstundafulltrúi, Geir Bjarnason flutti ávarp, Birta Guðný, Samfés söngvari frá 2017 og Guðrún Arný, Samfés söngvari frá 1997 sungu og Wizardmanscligue hélt svo uppi fjörinu með tónlist.

Að sjálfsögðu var boðið upp á afmælistertu og myndaalbúm með fjölmörgum myndum úr starfinu í gegnum árin lágu frammi, til mikillar ánægju, sérstaklega eldri gesta sem sjálfir höfðu stundað Vitann.

Félagsmiðstöðin Vitinn var upphaflega á efstu hæð Strandgötu 1.



Starfsfólki og fyrrum starfsfólki var þakkað fyrir að hafa gert líf unglinga frábært, f.v.: Geir Bjarnason, Páll Arnar Sveinbjörnsson, Axel Guðmundsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Huld Scheving Sigurðardóttir og Íris Óskarsdóttir.

Elín Ýr oddviti Pírata

Sigraði í prófkjöri Pírata í Hafnarfirði

Elín Ýr Arnar Hafðisardóttir þroskaþjálfari verður efst á lista Pírata í bæjarstjórnarkosningunum í Hafnarfirði. Við síðustu kosningar vantaði aðeins 6 atkvæði upp á að Píratar næðu inn manni.

Var leynileg netkosning samkvæmt reglum Pírata. Þessir verða í efstu 7 sætunum á listanum:

1. Elín Ýr Arnar Hafðisardóttir, þroskaþjálfari
2. Kári Valur Sigurðsson, pípuálagningamaður
3. Hildur Björg Vilhjálmisdóttir, nýbókuð móðir
4. Hallur Guðmundsson, samskipta- og miðunarfræðingur
5. Haraldur R. Ingvason, líffræðingur
6. Ragnar Unnarsson, ferðamálaráðgjafi
7. Hlynur Guðjónsson, vélvirki

Börn og umhverfi

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Meðal annars er fjallað um slysaættur, leiki, leikföng og samskipti auk þess sem kennd er skyndihjálp.

Haldin verða fjögur námskeið í Hafnarfirði og Garðabæ og skiptist hvert námskeið á fjóra daga:

- Strandgötu 24, Hafnarfirði dagana 9., 10., 11. og 12. apríl frá kl. 17-20.
- Strandgötu 24, Hafnarfirði dagana 22., 23., 24. og 25. maí frá kl. 17-20.
- Strandgötu 24, Hafnarfirði dagana 28., 29., 30. og 31. maí frá kl. 17-20.
- Garðaskóla dagana 11., 12., 13. og 14. júní frá kl. 17-20.

Námskeiðsgjald er kr. 9.900 og eru námskeiðin ætluð börnum fæddum 2006 og eldri.

Skráning og nánari upplýsingar á raudikrossinn.is og á skyndihjalp.is.



Rauði krossinn
Hafnarfirði og Garðabæ



Kári Valur og Elín Ýr, efstu tvö á lista Pírata í Hafnarfirði.

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Nytjamarkaður

Nytjamarkaður Eyrartröð 5.
Opið kl. 13-18 mánudaga til laugardaga.

smáauglýsingar
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Í aðalsal safnsins er sýningin **Margoft við sjáum og margoft við sjáum aftur**, með verkum Jóhönnu Kristbjargar Sigurðardóttur. Í Sverrissal er sýningin **Afstæði** þar sem sjá má ný málverk eftir Jón Axel Björnsson.

Gaflaraleikhúsið

Í skugga Sveins, aukasýning, **föstudag 6. apríl kl. 20.** Miðasala á www.midi.is

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Aron til Hauka

Nú um miðjan mars var gengið frá ráðningu Arons Kristjánssonar og mun hann taka við nýju starfi hjá Handknattleiksdeild Hauka sem framkvæmdastjóri íþrótt- og markaðsmála. Aron mun taka til starfa þegar hann lætur af störfum nú í sumar sem þjálfari Danmerkurmeistarara Álaborgar. Aron mun í fyrstu sinna starfinu samhliða þjálfun á karlalandsliði Bahrain.

Börnin okkar og skólinn

Börnin okkar eru það dýrmætasta sem við eigum. Um leið og við þurfum að hvetja þau til dáða og skapa þeim tækifæri til að efla sig í gegnum áhugasvið sín og styrkleika þurfum við líka að gæta þeirra vel og vernda þau. Skólinn er þeirra vinnustaður. Þangað fara þau til að búa sig undir framtíðina.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og svo fíkra þau sig áfram þar til þau útskrifast úr grunnskóla. Þegar þau ná þeim tíma- mótum viljum við að þau séu undirbúin til þess að velja sér frekari farveg til framhaldsmenntunar og þátttöku í


Samfylkingin fyrir fjölskylduna

Ég á góðar æskuminningar úr Hafnarfirði. Allt innan seilingar, skólinn og íþróttahúsið, lifandi miðbær með verslun, góðri þjónustu og kvikmyndahúsum og hraunið einstakt til leikja og útivistar. Svo liðu árin og kom að því, þegar við hjónin áttum von á okkar fyrsta barni, að ákveða hvar við vildum búa og ala börnin okkar til frambúðar. Hafnarfjörður varð fyrir valinu. Hér var fasteignaverð hagstætt, lægri leikskólagjöld og búið vel að börnum, góður skóli, frístundastyrkir vegna íþrótt- og tómsunda og öflugt félagslíf. Þá voru jafnaðarmenn í meirihluta við stjórn Hafnarfjarðar.

Álögur og einkavæðing Íhaldsins

Það skiptir máli fyrir unga fólkið að hafa aðgang að góðu og hagkvæmu húsnæði og vel sé búið að félagslegri þjónustu, sem taki mið af þörfum barnanna með sanna- gjörum gjöldum. Það tekur á í samfélagi nútímans að stofna fjölskyldu. Báðir for-

eldrar á kafi í vinnu til þess að ná endum saman, standa í skilum með leiguna eða lánin á íbúðinni, og borga fyrir þjónustuna fyrir börnin. Þetta er fólkið sem á að vera í



Stefán Már Gunnlaugsson

fyrirrími. Því miður hefur sú ekki verið raunin í tíð núverandi meirihluta við stjórn Hafnarfjarðar frekar en Íhaldsins við stjórn landsins. Þar eru aðrir í forgangi. Skattalækkanir gagnast aðeins hinum efnameiri sem er hyglað eins og frekast má, á meðan álögur eru auknar á fólkið með lægri tekjur. Rekstri ungbarnaleikskóla var t.d. hætt

hér í bæ og hverfisleikskóla lokað. Þá eru álögur og gjöld á barnafjölskyldur í Hafnarfirði með því hæsta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Og nú boðar Íhaldið að nýloknum landsfundinum sínum, að allt mögulegt og ómögulegt eigi að einkavæða, skólana og heilbrigðisþjónustuna líka. Bitur er reynslan af þeim tilraunum Íhaldsins í Hafnarfirði.

Fjölskyldubærinn Hafnarfjörður

Jafnaðarmenn hafa verið í forystu að standa vörð um þarfir barnafjölskyldna og enn búum við að þeim trausta grunni sem lagður var, þegar jafnaðarmenn fóru með stjórn bæjarins. Barátta jafnaðarmanna, að námsgögn væru á ókæypis fyrir grunnskólaborðin bar hér árangur, þegar núverandi meirihluti neyddist til að samþykkja það rétt fyrir skólabyrjun síðasta haust. Brýnt er að jafna aðstöðumun og gera öllum börnum kleift að stunda íþrótt- og tómsundarstarf. Koma verður á mótis við unga fólkið með ódýrari búsetuúrræðum, gæta hófs í álögum og gjöldum og stefna á gjaldfrjálsum leikskóla. Enn fremur gildir náði samstarf við íþrótt- og tómsunda- félögin sem taki m.a. mið af því að fjölskyldan hafi líka tíma fyrir sig saman. Gerum Hafnarfjörð aftur að fyrirmyndarþæ fyrir fjölskylduna með Samfylkingunni.

Höfundur skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

Hreinsunaráttak með íbúum

dagana 7. til 18. apríl í Hafnarfirði

Blásið er til vorhreinsunar í bænum 7. - 18. apríl þar sem íbúar eru hvattir til þátttöku í hreinsunaráttaki sem skipulagt er við grunnskólana og sundstaði í bænum. Þá verður einnig unnið með fyrirtækjum í hreinsun í þeirra umhverfi og gámum komið fyrir á þremur stöðum í Hafnarfirði og eru gámar einkum hugsaðir fyrir losun á tímri og jární frá fyrirtækjum á hverju svæði fyrir sig. Hreinsunardagur starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar verður 18. apríl en þá tekur starfsfólk bæjarins sig til við að þrifa í nágrenni ráðhússins og annarra opinberra bygginga.

• **Laugardaginn 7. apríl** verður vorhreinsun við Lækjarskóla og Setbergsskóla frá 11 til 13.30. Tekið verður til á skólalóðunum, í miðbænum og Setberginu og endað við Suðurbæjarlaug

• **Þriðjudaginn 10. apríl** verður vorhreinsun við Viðistaðaskóla og starfsstöðina við Engidal. Tekið verður til á skólalóðunum í Norður- og Vesturbænum frá kl. 16.30-19 og endað við Sundhöllina.

• **Miðvikudaginn 11. apríl** verður vorhreinsun við Áslandsskóla og Hraunvallaskóla. Tekið verður til á skólalóðunum, í Áslandinu og á Völlunum frá klukkan 16.30 til 19 og endað í Ásvallalaug.

• **Fimmtudaginn 12. apríl** verður vorhreinsun við Hvaleyrarskóla og Öldutúnsskóla. Tekið verður til á skólalóðunum, á Holtinu og Suðurbænum frá kl. 16.30 til 19 og endað við Suðurbæjarlaug.

Grillaðar verða pylsur í lokin við skólana, allir fá frítt í sund auk þess sem fólk fær lítinn glaðning.

GÁMAR FYRIR TRÉ OG MÁLMA

Dagana 9. - 18. apríl verður hreinsunaráttak með fyrirtækjum bæjarins og þar sem starfsfólk fyrirtækja er hvatt til að taka til á lóðum sínum og næsta umhverfi til að bæta ásýnd bæjarins. Settir verða upp gámar fyrir tré og málma á þremur stöðum, við Bæjarhraun, við Bátaskýlinn v/Hvaleyrarbraut og við Gjáhellu.

GARÐAÚRGANGUR TEKINN Í MAÍ

Að venju hirðir bærinn garðaúrgang frá bæjarbúum í byrjun maí. Þá er tekinn garðaúrgangur sem settur hefur verið í pokum út fyrir lóðarmörk og greinar sem bundnar hafa verið í knippi.

Haukar unnu Skallagrím

þurfa að vinna þrjá leiki til að komast í úrslit

Deildarmeistarar Hauka kvenna unnu fyrsta leikinn gegn Skallagrími í undanúrslitum á annan í páskum 88-74.

Þó lið Skallagrims hafi komið nokkuð óvænt inn í úrslitakeppnina er það skipað mörgum öflugum leikmönnum og gæti veitt Haukum sterka mótstöðu.

Næsti leikur er á föstudag í Borgarnesi en næsti heimaleikur á þriðjudag á Ásvöllum.

Keflavík og Valur eigast við í hinni víðureigninni n á þriðjudagskvöld sigraði Valur í fyrsta leik liðanna í Keflavík 88-77.



Bjarney Grendal Jóhannesdóttir

atvinnulífi. Til þess að ná því að undirbúa þau á þessum árum þarf að hlúa vel að skólakerfinu og styðja við bakið á kennurum. Það þarf að hafa öflugan stuðning inni í skólunum og tæki til að sinna þörfum ólíkra einstaklinga því ekki gengur að steypa alla í sama mót.

Við viljum styðja við og efla skólakerfið. Börnin okkar eru framtíðin, það er okkar skylda að gera eins vel og við getum til að efla þá framtíð.

Höfundur skipar 2. sæti fyrir Miðflokkinn í Hafnarfirði.

Viltu selja? Hringdu í 896 6076

Fritt söluverðmat
Sanngjörn sölubókun

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“



RE/MAX
FJÖRDUR

Ársæll Steinmóðsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
sími 896 6076 • as@remax.is
Lækjargötu 34d, Hafnarfirði



Landamæraverðir

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum eru lausar til umsóknar stöður landamæravarða með starfsstöð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ráðið verður í stöðurnar frá 9. maí 2018. Um er að ræða bæði sumarafleysingar og störf til lengri tíma með fastráðningu eftir reynslutíma.

Lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum er annað stærsta lögreglulið landsins. Flugstöðvardeild er ein deild innan þess og sinnir löggæslu og landamæravörslu á langstærsta alþjóðaflugvelli landsins. Landamæraverðir sinna meðal annars fyrsta stigs landamæraeftirliti í vegabréfahliðum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkflugvelli þar sem þeir starfa við hlið lögreglumanna og undir þeirra stjórn. Í deildinni starfa nú um 70 lögreglumenn og landamæraverðir.

Hlutverk landamæravarða er að skoða farþega með tilliti til ítarlegs eða lágmarks eftirlits eins og það er skilgreint samkvæmt reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017

Flugstöðin er einn stærsti vinnustaður landsins og er óhætt að kalla hann lífléan.

Nánari upplýsingar um störfín eru á www.starfatorg.is og þar skal umsóknnum skilað í síðasta lagi mánudaginn 16. apríl 2018.

FH keppir um sæti í úrvalsdeild kvenna

Þar sem liðin í úrvalsdeild kvenna í handbolta eru færri en 10 leikur liðið í næst neðsta sæti og liðin í 2.-4. sæti í 1. deild um laust sæti í úrvalsdeild.

FH endaði í 4. sæti í 1. deild og leikur því við Gróttu, sem varð í næst neðsta sæti í úrvalsdeild. HK og ÍR berjast einnig um sæti. Það lið sem vinnur tvo leiki kemst áfram í úrslit en þarf að vinna 3 leiki til að ná sæti í úrvalsdeild.

I. DEILD KVENNA

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 KA/Þór	16	15	1	0	485	155	31
2 HK	16	12	3	1	452	138	27
3 ÍR	16	11	0	5	437	45	22
4 FH	16	7	2	7	337	-8	16
5 Fyllkir	16	6	0	10	341	-49	12
6 Víkingur	16	5	1	10	380	-52	11
7 Valur U	16	5	0	11	351	-72	10
8 Fram U	16	4	0	12	346	-81	8
9 Afturelding	16	3	1	12	288	-76	7

ÚRVALSDEILD KVENNA

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 Valur	21	16	2	3	575	119	34
2 Fram	21	15	2	4	620	135	32
3 ÍBV	21	14	2	5	621	103	30
4 Haukar	21	14	2	5	520	57	30
5 Stjarnan	21	10	1	10	594	30	21
6 Selfoss	21	4	1	16	451-115	9	9
7 Gróttu	21	2	2	17	439-160	6	6
8 Fjölnir	21	2	2	17	434-169	6	6

ÚRVALSDEILD KARLA

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 ÍBV	22	16	2	4	652	64	34
2 Selfoss	22	17	0	5	682	81	34
3 FH	22	16	2	4	713	114	34
4 Valur	22	15	1	6	621	31	31
5 Haukar	22	14	1	7	635	98	29
6 Afturelding	22	11	1	10	599	7	23
7 Stjarnan	22	9	3	10	618	14	21
8 ÍR	22	8	2	12	586	-24	18
9 Gróttu	22	6	1	15	566	-73	13
10 Fram	22	5	2	15	610	-72	12
11 Fjölnir	22	3	4	15	580	-78	10
12 Víkingur	22	1	3	18	517-162	5	5

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

5. apríl kl. 19.30, Seltjarnarnes Gróttu - FH, umspil kvenna

6. apríl kl. 19.30, Ásvellir Haukar - Valur, úrslitakeppni kvenna

7. apríl kl. 19.30, Kaplakriki FH - Gróttu, umspil kvenna

9. apríl kl. 19.30, Valshöllin Valur - Haukar, úrslitakeppni kvenna

10. apríl kl. 19.30, Seltjarnarnes Gróttu - FH, umspil kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Valur - Haukar: (miðvikudag)

Körfubolti:

5. apríl kl. 19.15, Ásvellir Haukar - KR, úrslitakeppni karla

6. apríl kl. 19.15, Borgarnes Skallagrímur - Haukar, úrslit kv.

9. apríl kl. 19.15, Frostaskjól KR - Haukar, úrslitakeppni karla.

10. apríl kl. 19.15, Ásvellir Haukar - Skallagrímur, úrslit kv.

11. apríl kl. 19.15, Ásvellir Haukar - KR, úrslitakeppni karla

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Skallagrímur: 8-74

Knattspyrna:

8. apríl kl. 16, Kórinn Stál-úlfur - ÍH, bikar karla C/R4

ÚRSLIT KARLA:

KFR - ÍH: 1-3

Viðar í stjórn ECA

Viðar Halldórsson, formaður FH, var á dögum kjörinn sem einn af fjórum áheymarfulltrúum í stjórn ECA á fundi samtakanna í Róm á Ítalíu. ECA eru samtök knattspynufélaga í Evrópu og telja þau 230 félög. Fulltrúar fimmtán félöga eru í stjórn ECA. Tvö íslensk félög eru með aðeild að ECA, FH með fulla aðild og KR með aukaáðild.

Vantar þig sandblástursfilmur, merkingu á íþróttafötin, stimpil eða verðlaunagrip? ...þú þarft ekki að leita lengra ☺



Stakkahraun 1 - 220 Hafnarfirði
sími: 565-1999 - www.marko.is
marko@marko.is

stofnað 1982



VORHREINSUN

Tínum | Plokkum | Grillum | Gleðjumst | Syndum

Íbúar eru hvattir til þátttöku í vorhreinsun sem skipulögð er við lóðir grunnskóla og sundstaði í bænum. Tekið verður til á skólalóðunum og í hverfunum í kring.

Laugardaginn 7. apríl við Lækjarskóla og Setbergsskóla frá kl. 11 til 13:30

Tekið verður til í miðbænum og Setberginu og endað við Suðurbæjarlaug

Þriðjudaginn 10. apríl við Víðistaðaskóla við Víðistaðatún og Engidal frá kl. 16:30-19

Tekið verður til í norður- og vesturbænum og endað við Sundhöllina

Miðvikudaginn 11. apríl við Áslandsskóla og Hraunvallaskóla frá kl. 16:30-19

Tekið verður til í Áslandinu og á Völlunum og endað í Ásvallalaug

Fimmtudaginn 12. apríl við Hvaleyrarskóla og Öldutúnsskóla frá kl. 16:30-19:00

Tekið verður til á Holtinu og Suðurbænum og endað við Suðurbæjarlaug

Ruslapokar, ruslatínur og gámar verða á staðnum en áhugasamir eru beðnir að klæða sig eftir aðstæðum og koma með hanska eða vettlinga en af umhverfis-ástæðum verður ekki boðið uppá einnota plasthanska. Öllum verður boðið í pylsuveislu eftir törnina og svo fá allir sem taka þátt frítt í sund og smá glaðning.

Garðúrgangur verður sóttur í byrjun maí

Sú hreinsun er skipulögð eftir hverfum og fer fram í byrjun í maí.



HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR